

Kirkjuþing 2021 – 2022

Umsögn um 16. mál

Margrét Bóasdóttir, söngmálastjóri þjóðkirkjunnar

Umsögnin varðar liðinn Starfsmannamál, frá 20. gr.-24.gr.

Organistar eru lykilstarfsmenn safnaða.

Misræmi er hér gagnvart starfsreglum um kirkjutónlist, hvað varðar auglýsingu, frest og fleira.

Organistar stýra tónlistarstarfi safnaða, hafa til þess háskólamenntun sem er síst styttri en guðfræðimenntun, og sálmar og tónlist lúterskrar kirkju eru þungamiðja í hlutverki safnaðarins í helgihaldinu.

Því er nauðsynlegt að geta um organista sérstaklega en ekki aðeins um almenna starfsmenn safnaðar og vísa sérstaklega til starfsreglna í kirkjutónlist um ráðningu þeirra og kjör skv. kjarasamingum þeirra stéttarfélags.